

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 19. september 2006 í máli nr. S-1141/2006:

### Ákærvaldið

*(Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari)*

**gegn**

**Gísla Jack Óskarssyni**

*(Herdís Hallmarsdóttir hdl.)*

Ár 2006, þriðjudaginn 19. september, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Jónasi Jóhannssyni héraðsdómara og dómur kveðinn upp í máli nr. S-1141/2006: Ákærvaldið gegn Gísla Jack Óskarssyni, sem dómtekið var 11. sama mánaðar.

Ríkissaksóknari höfðaði málið með ákæru útgefni 31. júlí 2006 á hendur ákærða, Gísla Jack Óskarssyni, kt. 000000-0000, Snorrabraut 40, Reykjavík, „fyrir tilraun til manndraps, með því að hafa, aðfaranótt laugardagsins 17. júní 2006, í veitinga húsinu Kaffisetrinu, Laugavegi 103, Reykjavík, veist að föður sínum, Óskari Vikari Haraldssyni og stungið hann hnífi í hægri síðu með þeim afleiðingum að Óskar Vikar hlaut lífshættulega áverka við það að hnífurinn gekk í gegnum lifrablað og skaddaði hægra nýra hans.“ Er háttsemin talin varða við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 2. mgr. 218. gr. sömu laga og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði krefst þess að háttsemin verði færð undir 2. mgr. 218. gr. hegningarlaganna, í stað 211. gr., sbr. 20. gr. og hann dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa.

### I.

Aðfaranótt laugardagsins 17. júní 2006 kl. 01:39 var lögreglu tilkynnt að maður hefði verið stunginn með hnífi í Kaffisetrinu við Laugaveg 103. Þegar lögregla kom á staðinn tók Sigurður Michaelsson dyravörður á móti henni og vísaði á hvar Óskar

Vikar Haraldsson lá á gólfi fyrir innan afgreiðsluborð veitingahússins. Sigurður upplýsti jafnframt að ákærði hefði stungið Óskar og að þeir væru feðgar. Eiginkona Óskars og móðir ákærða, Patcharee Raknarong, var á staðnum og fylgdi hún lögreglu inn í eldhús þar sem ákærði beið ásamt fleira fólki. Hann var handtekinn og færður á lögreglustöð. Óskar var fluttur á slysadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss (LSH), en áður greindi hann frá því að ákærði hefði stungið hann í kjölfar fjölskyldudeilna. Við nánari eftirgrenslun kom í ljós að Óskar hafði komið inn á veitingastaðinn skömmur áður, beðið Sigurð um að vísa öllum gestum á dyr og loka húsinu. Skömmu síðar hafi ákærða borið að og þeir feðgar farið að rífast inni í eldhúsi, en í kjölfar þess hefði ákærði lagt til föður síns með hnífi. Í viðræðum við Patcharee kom einnig fram að hún og Óskar væru að skilja vegna framhjáhalds hans. Ákærði hefði verið föður sínum afar reiður vegna þessa og þeir rifist fyrir um kvöldið á heimili fjölskyldunnar að Snorrabraut 40.

Laust eftir kl. 02 kom rannsóknarlögregla á vettvang. Í skýrslum hennar er hús næðinu lýst og þess getið að í horni veitingasalar sé afgreiðsluborð og bar. Þar fyrir innan sé opið afgreiðslu- og eldhúsrými (ytra eldhús). Þaðan sé gengið um dyraop, sem liggja inn í annað eldhús (innra eldhús). Af upplýsingum sjónarvotta verði ráðið að feðgarnir hafi rifist í innra eldhúsinu og að þar hafi ákærði stungið föður sinn með hnífi. Deilurnar hafi síðan borist fram í afgreiðslu- og eldhúsrýmið, þar sem Óskar hafi legið á gólfi fyrir aftan barborðið þegar lögregla kom á staðinn. Umræddur hnífurinn (hnífur 1) hafi fundist á borði við hlið ofns í innra eldhúsi, en þar skammt fyrir innan sé rekki með mörgum eldhúshnífum. Þá er greint frá öðrum hnífi (hnífi 2), sem fannst stunginn í millivegg, sem skilur eldhúsin að. Af skýrslunum verður ekki séð að staðsetning hnífsins hafi verið mæld, en ljósmyndir sýna að hann stóð í veggnum í innra eldhúsinu, í ríflega tveggja metra hæð frá gólfi, talsvert fyrir ofan og til hægri við dyraopið. Hnífi 1 er lýst sem flökunarhnífi af gerðinni „Fiskars“, með svörtu plastskefti og 16,3 sm löngu blaði. Mesta breidd blaðsins mældist 1,6 sm. Á blaðinu hafi verið sjáanlegt blóð og blóðkám á skeftinu. Hnífi 2 er lýst sem saxi, með svörtu plastskefti og 15,4 sm löngu blaði. Ekkert blóð fannst á þeim hnífi og ekki náðust nothæf fingraför af honum.

## II.

Ákærði var færður til réttarlæknisfræðilegrar skoðunar kl. 03:30 sömu nótt. Er því lýst að hann hafi verið rólegur og samvinnuþýður. Hann hafi ekki borið merki um áfengis- eða aðra vímuefnaneyslu og hafi niðurstöður rannsókna á blóð- og þvagsýnum staðfest það. Við mælingu hafi ákærði reynst 172 sm á hæð og vegið 50 kg. Á líkama hans hafi fundist minniháttar áverkar, meðal annars dauft mar á upphandleggjum og húðrispur nálægt miðju enni og á nefi. Hefur ákærði borið að Óskar hafi veitt honum nefnda áverka á heimili þeirra fyrir um kvöldið, þegar hann hafi ráðist á ákærða, gripið um hendur hans og þrýst honum upp að vegg. Ljósmyndir af andliti og líkama ákærða staðreyna umrædda áverka.

## III.

Víkur þá sögunni að föður ákærða, sem lagður var inn á gjörgæsludeild sömu nótt. Í vottorðum Sigurgeirs Kjartanssonar sérfræðings á LSH segir að Óskar hafi verið með meðvitund við komu á deildina. Tölvusneiðmynd hafi sýnt áverka á lifrablaði og hægra nýra, sem blætt hafi úr. Hann hafi þó verið í stöðugu ástandi og svarað vökvameðferð og því hafi ekki komið til skurðaðgerða af neinu tagi. Að áliti sérfræðingsins hafi þó enginn vafi leikið á því að um lífshættulega áverka hafi verið að ræða, en umræddur hnífur hafi gengið í gegnum lifrablað og valdið varanlegri sköddun á efri pól nýrans. Óskar mun hafa legið á gjörgæsludeild í þrjá sólarhringa og var útskrifaður af LSH 23. júní. Sigurgeir staðfesti vottorð sín fyrir dómi og bar að um djúpa hnífsstungu hefði verið að ræða. Tölvusneiðmyndir hefðu staðreynt þetta og taldi læknirinn að hnífurinn hefði gengið 10-15 sm inn í síðu Óskars. Hann kvað vafalaust að Óskar hefði látist vegna lífshættulegra blæðinga hefði hann ekki komist undir læknishendur um nóttina, en „hundaheppni“ hefði ráðið því að hnífurinn færi ekki í ósæð eða meginbláæð, sem væru millimetrum frá hnífs bragðinu. Sigurgeir kvað ekki útilokað að hægra nýrað gæti visnað enn frekar í nánustu framtíð, þótt hann teldi það ekki líklegt.

#### IV.

Ákærði var 17. júní úrskurðaður í sex daga gæsluvarðhald í þágu málsrannsóknar. Lá þá fyrir skrifleg játning, undirrituð hjá lögreglu, um að hann hefði þáliðna nótt ráðist á föður sinn með hnífi í miklu reiðiskasti og ætlað sér að drepa hann. Ekki verður séð að sá framburður hafi verið borinn undir ákærða til staðfestingar í dómnum. Með úrskurði 22. júní var gæsluvarðhald framlengt til 4. ágúst, á grundvelli almannahagsmuna samkvæmt 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Áður hafði ákærði samþykkt að gangast undir geðrannsókn. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með dómi 28. júní. Með úrskurði 4. ágúst var gæsluvarðhald framlengt allt til 24. október, en Hæstiréttur stytta þann tíma til 27. september með dómi sínum 9. ágúst síðastliðinn.

Tómasi Zoëga geðlækni var falin framkvæmd nefndrar geðrannsóknar. Lágu niður stöður hennar fyrir 17. júlí, en samkvæmt þeim er ákærði talinn sakhæfur í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga og kom ekkert læknisfræðilegt fram, sem útilokar að refsing geti borið árangur í skilningi 16. gr. sömu laga.

Ákærði undi ekki við ofangreindar niðurstöður. Við þingfestingu málsins 11. ágúst voru því dómkvaddir tveir sérfræðingar, Páll Matthíasson geðlæknir og Gunnar Hrafn Birgisson sálfræðingur, til að rannsaka geðhagi og sálrænt ástand ákærða og endurmeta hvort skilyrðum 15. og 16. gr. hegningarlaga sé fullnægt til að ákærði teljist sakhæfur og refsing geti borið árangur, komi til hennar á annað borð. Í matsgerð („Geðrannsókn“) nefndra sérfræðinga 6. september 2006, sem þeir staðfestu fyrir dómi, er komist að sömu niðurstöðu um sakhæfi ákærða. Um matsgerðina og álit sérfræðinganna verður annars fjallað á öðrum stað í dómi þessum.

## V.

Ákærði var yfirheyrður þrívégis meðan á lögreglurannsókn stóð, 17. og 22. júní og loks 11. júlí, ávallt að viðstöddum verjanda. Við aðra skýrslutöku dró hann til baka þann framburð sinn frá 17. júní að hann hefði ætlað að drepa föður sinn, en sagði sem fyrr að hann hefði misst stjórn á skapi sínu, gripið hníf og „stungið í mikilli reiði og á þeim tímapunkti viljað skaða Óskar“. Ákærði gaf þá skýringu á fyrri framburði að hann hefði verið föður sínum afar reiður og því svarað játandi þegar lögregla hefði spurt hann svo: „Ætlaðir þú að drepa hann?“ Í sömu skýrslu kemur fram að ákærði hafi ekki miðað hnífnum sérstaklega, heldur stungið honum „bara einhvers staðar“.

Óskar Vikar Haraldsson gaf tvær vitnaskýrslur hjá lögreglu, 19. júní og 12. júlí, en auk hans voru yfirheyrð sem vitni Nopparat Boonlit, Jón Paul Biscarra del Rosario, Gunnar Kiatkla Eiríksson, Sawid Raknarong, Benja Darayen, Inga Lára Hrefnudóttir, Sigurður Michaelsson, Patcharee Raknarong og systir hennar Thaweeep Raknarong.

Af nefndum vitnum komu aðeins þrjú þau síðasttöldu fyrir dóm, auk Óskars, sem færðist undan að bera vitni vegna skyldleikans við ákærða. Verður því ekki stuðst með beinum hætti við frásögn Óskars, en þó er rétt að geta þess að hann staðfesti í mörgu framburð ákærða. Þannig ber feðgunum saman um að Óskar hafi verið í Kaffisetrinu þegar hann hringdi heim og bað ákærða að færa honum hleðslutæki fyrir farsíma. Enn fremur, að ákærði hafi neitað þeirri ósk og sagt „fuck you“ við föður sinn í símann. Einnig, að Óskar hafi þá farið heim, hann verið reiður syni sínum og að komið hafi til orðaskaks og síðar átaka milli þeirra feðga á heimilinu. Enn fremur, að Óskar hafi svo haldið aftur á Kaffisetrið, ákærði fylgt honum eftir skömmu síðar og þeir rifist harkalega inni á veitingastaðnum. Sem og, að Óskar hafi, meðan á rifrildinu stóð, meðhöndlað hníf og sagt við ákærða eitthvað á þessa leið: „Dreptu mig þá.“ Loks má geta þess að Óskar gekkst við því hjá lögreglu að hafa skellt í sig einum bjór og nokkrum skotum af Jägermeister áður en til rifrildis kom í Kaffisetrinu.

## VI.

Fyrir dómi gekkst ákærði greiðlega við því að hafa umrædda nótt veist að föður sínum með hnífi og stungið hann í hægri síðu. Hann kvaðst ekki vita hvort um lífs hættulega áverka hefði verið að ræða, en vefengdi ekki að hnífurinn hefði gengið í gegnum lifrablað og skaddað hægri nýra Óskars. Ákærði tók hins vegar fram að hann hefði ekki haft ásetning til að bana föður sínum. Hann gat þess ennfremur, að á nefndum tímapunkti hefði samband þeirra feðga verið afar slæmt, hann verið föður sínum sárreiður og þeir varla talast við vikurnar á undan, eða frá því að

ákærði hefði staðið hann að framhjáhaldi í apríl 2006. Í kjölfar þess hefði móðir ákærða óskað eftir skilnaði, en Óskar engu síður búið áfram á heimilinu, foreldrar hans rifist mikið og Óskar verið meira og minna drukkinn á hverjum degi.

Nánar aðspurður um aðdraganda árásarinnar skýrði ákærði frá því að hann hefði verið heima að horfa á sjónvarp þegar Óskar hefði hringt frá Kaffisetrinu og skipað ákærða að færa honum hleðslutæki fyrir farsíma. Ákærði hefði neitað og sagt „fuck you“ við hann í símann. Nokkrum mínútum síðar hefði Óskar komið heim, reiður og ölvaður. Þar hefði hann ráðist á ákærða, tekið um handleggi hans, skellt honum upp að vegg og slegið hann í andlitið. Ákærði hefði tekið á móti, kýlt Óskar í andlitið og þeir flogist á. Í framhaldi hefði Óskar tekið hleðslutækið og horfið á braut. Ákærði kvaðst hafa verið afar reiður í garð föður síns á þeirri stundu og því ákveðið nokkrum mínútum síðar að fara niður á Kaffisetrið og „meiða“ hann. Ákærði dró ekki fjöður yfir það að hann hefði verið í hefndarhug þegar hann síðan gekk inn á veitingastaðinn, greip þar til hafnaboltakylfu og hugðist ráðast á Óskar inni í eldhúsi staðarins. Frændi ákærða hefði hins vegar stöðvað hann og tekið af honum kylfuna. Þeir feðgar hefðu síðan rifist harkalega í eldhúsinu og Óskar látið þau orð falla að ákærði væri og yrði alltaf „aumingi“. Í kjölfar þeirra ummæla hefði ákærði orðið enn reiðari og öskrað á föður sinn að hann vildi drepa hann. Óskar hefði þá tekið hníf í innra eldhúsinu, reynt að fá ákærða til að taka við honum og sagt ítrekað: „Dreptu mig þá.“ Að sögn ákærða hefði hann ekki viljað taka við hnífnum, Óskar þá kastað honum í áttina til hans og hnífurinn stungist í vegg í innra eldhúsinu. Faðir hans hefði síðan farið eitthvert fram, en komið fljótlega aftur og þeir haldið áfram að rífast í einhverjar mínútur. Á meðan hefði Óskar haldið áfram að egna ákærða til reiði og hann þá endanlega misst stjórn á sér, gripið til hnífs, sem hann hefði séð í hillu í innra eldhúsinu og stungið honum í föður sinn. Ákærði kvaðst ekki hafa gert sér grein fyrir því hvar hnífurinn hefði komið í Óskar og ekki hafa hugleitt að atlagan gæti leitt til dauða fyrr en faðir hans hefði legið á eldhúsgólfinu. Ákærði áréttaði að hann hefði aðeins viljað „meiða“ föður sinn, kvaðst iðrast þess að hafa stungið hann og sagðist óska þess að hann hefði aldrei farið að heiman um nóttina.

Patcharee, móðir ákærða, bar fyrir dómi að Óskar hefði umrædda nótt farið mjög drukkinn út af Kaffisetrinu og komið til baka um 15-20 mínútum síðar með glóðar auga. Hann hefði verið æstur og viljað loka veitingastaðnum, en allt að 100 gestir hefðu verið þar inni. Þegar hún hefði spurt hvað hefði komið fyrir hefði hann sagt ákærða hafa slegið hann. Um stundarfjórðungi síðar hefði ákærði birst, mjög reiður og með sár á enni. Aðspurður hefði hann sagt Óskar hafa lamið hann. Í framhaldi hefði ákærði gengið inn í eldhús til Óskars og þeir farið að rífast. Að sögn Patcharee hefði hún beðið son sinn að slaka á „og tala við mömmu“. Við þetta hefði hann róast í örfáar mínútur, en Óskar haldið uppteknum hætti, talað illa um drenginn og ítrekað kallað hann „aumingja“. Ákærði hefði þá reiðst að nýju og sagt við föður sinn: „Mig langar að drepa þig.“ Við svo búið hefði Óskar tekið hníf úr rekka í innra eldhúsinu, reynt að fá ákærða til að taka við honum og sagt: „Dreptu mig þá, dreptu mig þá.“ Þegar ákærði hefði ekki viljað hnífinn hefði Óskar kastað honum og hann stungist í eldhúsvegg fyrir aftan ákærða. Patcharee kvað Óskar síðan hafa tekið annan hníf og reynt að fá ákærða til að taka við honum, en einhver

hefði tekið þann hníf af Óskari og lagt hann eitthvert. Óskar hefði í framhaldi skipað ákærða að fara út af veitingastaðnum og sagt að hann ætti staðinn, en ákærði borið á móti því, sagt að Kaffisetrið væri eign móður hans og Óskar skyldi sjálfur fara út. Að sögn Patcharee hefði ákærði svo skyndilega verið kominn með hníf og hún séð Óskar hníga niður. Hún kvað um 5-10 mínútur hafa liðið frá því að Óskar hefði kastað hnífi í vegginn þar til ákærði hefði stungið hann, en tók fram að hún hefði ekki séð þá atögu. Á þessu tímabili hefðu þeir rifist linnulaust og ekkert hlé orðið á deilunni áður en Óskar hefði fallið á gólfið.

Thaweeep Raknarong, móðursystir ákærða, bar fyrir dómi að hún hefði séð þegar Óskar hefði hringt frá Kaffisetrinu um nóttina, hann verið skapvondur, kastað farsíma sínum frá sér og því næst ætt út af veitingastaðnum. Um 10-15 mínútur síðar hefði hann komið til baka og þá viljað slökkva ljósin og loka staðnum, en fjölmargir gestir hefðu verið þar inni. Skömmu síðar hefði ákærði komið á staðinn og farið að rífast harkalega við Óskar inni í eldhúsi. Systurnar hefðu reynt að stilla til friðar, en Óskar haldið áfram að egna son sinn til reiði og meðal annars kallað hann „aumingja“. Thaweeep tók fram að hún skyldi litla íslensku, en þetta orð hefði hún heyrt og skilið. Í framhaldi hefði Óskar tekið hníf, reynt að fá ákærða til að taka við honum og sagt ákærða að drepa hann. Þegar ákærði hefði ekki viljað snerta hnífinn hefði Óskar kastað hnífnum í mikilli reiði í átt að syni sínum og hann hafnað í vegg fyrir ofan höfuð drengsins. Í kjölfar þessa hefði Patcharee náð að róa ákærða, en á meðan hefði Óskar gengið í hringi og farið fram í ytra eldhús. Hann hefði síðan snúið til baka, æstur í bragði, sagt einhver ljót orð við ákærða og skipað honum að yfirgefa veitingastaðinn. Við þetta hefði ákærði orðið brjáláður að nýju, hann mótmælt því að fara og sagt móður sína eiga staðinn. Að sögn Thaweeep hefði hún næst séð þegar Óskar hefði hnigið niður á gólf og ákærði þá staðið hjá honum með hníf í annarri hendi. Hún kvaðst ekki vita hvar ákærði hefði fengið þann hníf og sagðist aðeins hafa séð Óskar handfjatla einn hníf í eldhúsinu.

Sigurður Michaelsson dyravörður bar fyrir dómi að hann hefði ekki orðið vitni að árás ákærða á föður sinn. Hann hefði hins vegar séð feðgana rífast í dyragættinni milli innra og ytra eldhússins skömmu fyrir atöguna og þá reynt að stilla til friðar ásamt móður ákærða. Á þeim tímupunkti hefði hvorugur manna handfjatlað hníf. Þeir hefðu síðan virst róast og Óskar gengið áleiðis út úr eldhúsinu, en ákærði staðið áfram við hlið móður sinnar. Í þeirri stöðu hefði Sigurður farið fram í anddyri til að sinna starfi sínu, en áður hefði hann fjarlægt hafnaboltakylfu undan afgreiðsluborði ytra eldhússins og sett hana á öruggan stað.

## VII.

Með framburði ákærða og vitna fyrir dómi, sem samrýmist í stórum dráttum frá sögn Óskars Vikars Haraldssonar, sem getið er í V. kafla að framan, hefur fengist heildstæð mynd af atburðum aðfaranótt laugardagsins 17. júní síðastliðins, þótt ýmis mikilvæg atriði séu að nokkru óljós. Ber ákærða að njóta alls skynsamlegs vafa í þessu sambandi samkvæmt sönnunarreglum 45.-48. gr. laga nr. 19/1991 um

meðferð opinberra mála.

Við úrlausn málsins þykir þannig mega leggja til grundvallar að Óskar hafi verið ölvaður þegar hann hringdi frá Kaffisetrinu heim til sonar síns og skipaði ákærða að færa honum umrætt hleðslutæki. Enn fremur, að ákærði hafi hafnað þeim tilmælum með skætingi, Óskar reiðst framkomu sonar síns, farið heim og veist þar að drengnum með ofbeldi. Í framhaldi hafi ákærði slegið föður sinn í andlitið, Óskar rokið á dyr, skömmu síðar birst æstur og reiður á Kaffisetrinu og viljað loka veitingastaðnum þrátt fyrir að fjöldi gesta væri þar inni að skemmta sér. Einnig liggur fyrir samkvæmt framburði ákærða sjálfs að hann hafi borið þungan hug til föður síns þegar hann ákvað að elta hann á Kaffisetrið, í þeim tilgangi að „meiða“ hann. Ber í þessu sambandi að leggja þann framburð ákærða til grundvallar að hann hafi, þegar eftir komuna á staðinn, gripið til hafnaboltakylfu og ætlað með hana inn í eldhús í því augnamiði að lumbra á Oskari, en frændi ákærða hafi komið í veg fyrir það með því að taka kylfuna af honum.

Ákærða og vitnunum Sigurði Michaelssyni, Patcharee Raknarong og Thaweeep Raknarong ber saman um að ákærði hafi í kjölfar þessa hitt föður sinn í eldhúsinu og þeir farið að rifast harkalega. Af frásögn vitnanna virðist helst mega ráða að Patcharee hafi síðan tekist að róa son sinn skamma stund og Sigurður þá látið sig hverfa. Systrunum Patcharee og Thaweeep ber saman um að Óskar hafi í framhaldi stofnað til illinda að nýju, reynt að eigna ákærða til reiði og kallað hann aumingja. Er sá vitnisburður í samræmi við framburð ákærða og verður hann því lagður til grundvallar.

Ákærða og móður hans ber saman um að drengurinn hafi snöggreiðst við nefnd ummæli og annað hvort sagt eða öskrað á föður sinn að hann langaði til að drepa hann. Af frásögn mæðginanna og vætti Thaweeep verður ekki annað ráðið en að feðgarnir hafi þá verið staddir í innra eldhúsinu, Óskar tekið þar hníf úr rekka, rétt hann í átt til ákærða og manað ákærða að stinga hann, með því að segja í eitt eða fleiri skipti: „Dreptu mig þá.“ Fær þetta hvoru tveggja stoð í frásögn Oskars hjá lögreglu, sem fyrr er getið. Er því ekkert fram komið í málinu, sem gefur haldbæra vísbindingu um að atburðarás hafi verið með öðrum hætti. Ber því að leggja frásögn ákærða og vitnanna til grundvallar að þessu leyti.

Ákærða og systrunum ber einnig saman um að þegar ákærði hafi neitað að taka við hnífnum hafi Óskar kastað honum í átt að syni sínum og hnífurinn hafnað fyrir aftan hann, ofarlega í vegg, sem skilur að innra og ytra eldhús. Verður við þá frásögn miðað, enda staðreyna gögn málsins að hnífur stóð í umræddum eldhúsvegg þegar lögregla rannsakaði vettvang. Liggur þannig fyrir að feðgarnir hafi verið í innra eldhúsinu þegar hnífnum var kastað og að ákærði hafi staðið við dyraop milli eldhúsanna tveggja.

Af framburði ákærða og vætti Thaweep má ráða að stutt hlé hafi orðið á deilu feðganna í kjölfar síðastnefnds atviks, Óskar farið fram í ytra eldhús og verið að vappa þar fram og til baka, en því næst snúið sér að ákærða á nýjan leik í dyraopinu á milli eldhúsanna og egnt hann aftur til reiði. Thaweep og Patcharee ber saman um að Óskar hafi í það skipti sagt ákærða að hypja sig út af veitingastaðnum, en drengurinn andmælt og borið því við að móðir hans ætti staðinn. Ákærði er einn til frásagnar um atburði í kjölfar þessa, en að hans sögn missti hann stjórn á skapi sínu, greip nálægan hníf af hillu í ytra eldhúsinu og lagði til föður síns í blindni. Af vætti systranna er ljóst að atburðarás hefur verið hröð, en konurnar bera að þær hafi næst séð Óskar hníga niður á eldhúsgólfið og ákærða standa við hlið hans með hníf í hendi. Í ljósi fyrrnefndra sönnunarreglna ber einnig hér að leggja framburð ákærða til grundvallar og skýra hann með hliðsjón af frásögn vitnanna tveggja. Breytir litlu í þessu sambandi þótt Óskar hafi hugsanlega handfjatlað sama hníf skömmu fyrir atlöguna, en sú frásögn Patcharee fær ekki stuðning í framburði ákærða eða vitnisburði Thaweep.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið er sannað að ákærði hafi umrædda nótt veist að Óskari föður sínum með hnífi á veitingastaðnum Kaffisetrinu og stungið hann í hægri síðu. Er óumdeilt að hnífurinn, sem um ræðir, er af gerðinni „Fiskars“, með 16,3 sm löngu blaði. Með hliðsjón af vottorðum Sigurgeirs Kjartanssonar sérfræðings á LSH og vitnisburði hans fyrir dómi, sem ekki hefur verið hnekkt, er enn fremur sannað að umræddur hnífur hafi gengið allt að 10-15 sm inn í síðu Óskars, farið í gegnum lifrablað og skaddað hæggra nýra, allt með þeim afleiðingum að Óskar var í lífshættu vegna innri blæðinga við komu á slysadeild um nóttina. Af sama vitnisburði og framburði ákærða um að hann hafi lagt til föður síns í blindni verður ekki ályktað á annan veg en að hrein heppni hafi ráðið því að hnífurinn fór ekki í ósæð eða meginbláæð.

## VIII.

Við mat á því hvort háttsemi ákærða teljist tilraun til manndráps og falli þar með undir ákvæði 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, verður að líta til þess hvort hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi haft ásetning til að bana föður sínum á þeirri stundu þegar hann lagði til hans með hnífnum. Ber hér að hafa í huga þann framburð ákærða að hann hafi farið á eftir Óskari inn á Kaffisetrið í þeim tilgangi að meiða hann og í því skyni gripið til hafnaboltakylfu. Í málinu liggur fyrir að kylfan var tekin af honum áður en til ofbeldis kom og verður ekki ráðið af framburði ákærða að hann hafi eftir það ætlað sér að skaða föður sinn fyrr en hann greip til hnífsins í ákafri geðshræringu og mikilli reiði með þekktum afleiðingum. Fyrir dómi hefur ákærði staðfastlega neitað því að fyrir honum hafi vakað að svipta föður sinn lífi á verknaðarstundu. Gegn þeirri neitun verður að telja það ósannað, sbr. 45., 46. og 48. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Með hliðsjón af hæstaréttardómum 28. janúar 1993 í máli nr. 188/1992, 24. mars 1994 í máli réttarins nr. 463/1993 og loks dómi uppkveðnum 12. júní 1997 í máli

nr. 143/1997 þykir og varhugavert að staðhæfa, svo sem atvikum var háttað í eldhúsi veitingastaðarins, að ákærða hafi hlotið að vera ljóst að mannsbani hlytist eða kynni að hljóttast af atlögunni. Samkvæmt þessu verður verknaður hans talinn varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981, vegna hinnar sérstöku hættu, sem í atlögunni fólst.

Með hliðsjón af skýrslu Tómasar Zoëga geðlæknis og matsgerð Gunnars Hrafns Birgissonar sálfræðings og Páls Matthíassonar geðlæknis verður að telja ákærða sakhæfan í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga. Þá er það mat dómsins að niðurstöður sérfræðinganna þriggja leiði ekki til þess að unnt sé að álykta að svo hafi verið ástatt um andlega hagi ákærða á verknaðarstundu að refsing geti ekki borið árangur í skilningi 1. mgr. 16. gr. laganna. Að þessu virtu ber að gera honum refsingu fyrir verknaðinn. Við mat á henni er til margs að líta. Fyrst ber að nefna að mál þetta er um margt sérstætt og óvenjulegt. Eins og áður er rakið verður að leggja til grundvallar að Óskar hafi ráðist á ákærða með líkamlegu ofbeldi skömmu áður en þeir atburðir urðu, sem mál þetta er sprottið af. Áttu þar í hlut faðir og sonur, annar tæplega fimmtugur og hinn 18 ára. Þá liggur nægjanlega fyrir að Óskar hafi ítrekað reynt að egna son sinn til reiði inni á veitingastaðnum, kallað hann aumingja og að minnsta kosti einu sinni rétt honum hníf og beinlínis skorað á ákærða að drepa hann. Er vafalaust, ekki síst í ljósi forsögu málsins og fyrri samskipta feðganna sömu nótt, að ákærði hafi verið í mikilli geðshræringu þegar hann síðan lagði til Óskars. Að þessu virtu þykja hér eiga við ákvæði 4., 6. og 7. töluliðs 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, sem og 4. töluliður 1. mgr. 74. gr., fyrri málslíður 75. gr. og loks niðurlagsákvæði 3. mgr. 218. gr. b. hegningarlaganna, sbr. 12. gr. laga nr. 20/1981 og 4. gr. laga nr. 83/2005. Á hinn bóginn verður ekki horft framhjá því að atлага ákærða var sérlega hættuleg, að hún beindist að mikilvægum hagsmunum og var til þess fallin að valda miklu líkamstjóni, þótt betur hafi farið en á horfði í upphafi. Koma þannig til refsipýngingar ákvæði 1.-3. töluliðs 1. mgr. 70. gr. títtnefndra laga. Að öllu þessu virtu og með hliðsjón af saka ferli ákærða og hreinskilnislegum framburði hans við rannsókn og meðferð málsins þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi í tólf mánuði.

Með ofangreind atriði í huga, sér í lagi aldur ákærða og hinar sérstöku aðstæður að broti hans, sem og því að hann hefur ekki áður orðið uppvís að refsiverðri háttsemi, svo kunnugt sé og loks með hliðsjón af því samdóma álit dómkvaddra matsmanna að afplánun refsingar í tilviki ákærða, sem teljist óvenju óharðnaður og saklaus miðað við aldur, geti haft skaðlegar afleiðingar á líf drengsins og framtíð, þykir rétt að kveða svo á um að ákærði skuli njóti heimilda 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, með þeim hætti að fresta skuli fullnustu níu mánaða dæmdirar refsingar og sá hluti hennar falla niður að liðnum fimm árum frá dómsuppsögu, enda haldi ákærði almennt skilorð téðra lagagreina. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald, sem ákærði hefur sætt óslitið frá 17. júní 2006, sbr. 76. gr. hegningarlaganna. Einnig þykir rétt, með hliðsjón af álit dómkvaddra matsmanna, að ákærði skuli í eitt ár frá dómsuppsögu hlíta sérstöku umsjónarskilorði 1. töluliðs 3. mgr. 57. gr. hegningarlaganna, með það í huga að hann fái notið hugrænnar atferlismeðferðar af hálfu sérfræðings í því skyni að vinna bug á reiði í garð föður síns og til þess að byggja upp og móta eigin framtíð í

skjóli hins hörmulega verknaðar.

## IX.

Með hliðsjón af framangreindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga um meðferð opinberra mála, sbr. 164. gr. sömu laga, ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar. Til hans telst þóknun verjanda á rannsóknarstigi máls, 229.583 krónur, læknskostnaður að samtölu krónur 39.562 og rannsókn Lyfjafræðistofnunar að fjárhæð 103.603 krónur. Á hinn bóginn þykir eftir atvikum rétt að 211.180 króna kostnaður vegna geðrannsóknar Tómasar Zoëga geðlæknis skuli greiðast úr ríkissjóði, sem og 787.600 króna kostnaður vegna öflunar matsgerðar, enda í báðum tilvikum um órjúfanlegan kostnað að ræða, sem tengist réttlátri málsmeðferð ákærða til handa. Loks ber að dæma ákærða til að greiða málsvarnarlaun Herdísar Hallmarsdóttur héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns hér fyrir dómi. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu lögmannsins þykja þau laun hæfilega ákveðin 450.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti.

Sigríður J. Friðjónsdóttir saksóknari sótti málið af hálfu ákærvaldsins.

## DÓMSORD:

Ákærði, Gísli Jack Óskarsson, sæti fangelsi í tólf mánuði, en fresta skal fullnustu níu mánaða þeirrar refsingar og sá hluti hennar falla niður að liðnum fimm árum frá dómsuppsögu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá sæti ákærði í eitt ár frá dómsuppsögu sérstöku umsjónarskilyrði 1. töluliðs 3. mgr. 57. gr. hegningarlaganna. Til frádráttar dæmdri refsingu komi gæsluvarðhald ákærða, sem hann hefur sætt frá 17. júní 2006.

Ákærði greiði 822.748 krónur í sakarkostnað, þar með talin 450.000 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Herdísar Hallmarsdóttur héraðsdómslögmanns.

Jónas Jóhannsson

